



Akraneskaupstaður

Varðandi: Forsendur fjárhagsáætlunar Velferðar- og mannréttindasviðs 2016

Málsnúmer: 1509212

Dagsetning: 25. nóvember 2015

SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 22. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 16. september 2015 var fjallað um mál nr. 1509212 „Forsendur fjárhagsáætlunar Velferðar- og mannréttindasviðs 2016“ og eftirfarandi bókað:

„Umræða um forsendur fjárhagsáætlunar Velferðar- og mannréttindasviðs 2016 og áherslur Velferðar- og mannréttindaráðs. Lögð fram drög að greinargerð sviðsstjóra.

Farið yfir forsendur fyrir fjárhagsáætlun í minnisblaði sviðsstjóra og þær ræddar. Ráðið tekur undir þær tillögur sem fram koma í minnisblaðinu“.

Með tilvísun í ofangreinda afgreiðslu Velferðar- og mannréttindaráðs er óska eftir heimild til kaupa á móti fyrir rafdósaframleiðslu plaststeypu Fjöliðjunnar. Kostnaður við smíði mótsins er áætlaður kr. 1.780.000,-.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Ósk forstöðumanns Fjöliðjunnar um heimild til að að láta útbúa 20 mm mótt fyrir rafdósaframleiðslu plaststeypu Fjöliðjunnar virðist hafa orðið útundan í umfjöllun um fjárhagsáætlun ársins 2016.

Plastesteypa Fjöliðjunnar framleiðir í dag 16 mm rafdósir fyrir fyrirtæki í byggingariðnaði. Þarfir kaupenda framleiðslunnar hafa breyst og fyrirsjáanlegt er að eftirspurn eftir minni rafdósum fari þverrandi. Mótið er því talið nauðsynlegt til að viðhalda verkefninu. Kostnaður við smíði mótsins er áætlaður kr. 1.780.000,-.

Í minnisblaði undirritaðs, sem vísað er til í bókun Velferðar- og mannréttindaráðs, er gert ráð fyrir að mótið verði fært til eignar í ljósi þess að það nýtist í framleiðslunni í mörg ár, en á það





Akraneskaupstaður

skal bent að áætlaður kostnaður við gerð mótsins er undir viðmiðunarfjárhæð Akraneskaupstaðar um eignfærslu, sem er 2.500.000,-

Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs er hér með vísað til afgreiðslu bæjarráðs.



A blue ink signature of Jón Hrói Finnsson, which appears to read "Jón Hrói Finnsson".

Jón Hrói Finnsson
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs